

Meistaránám í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum



Námið miðar að því að undirbúa nemendur að takast á við markaðssetningu innanlands sem erlendis. Námið veitir góða undirstöðu fyrir stjórnunarstörf í stórum sem smáum fyrirtækjum. Í náminu er lögð áhersla á að byggja upp trausta fræðilega þekkingu á sviði markaðsfræða og alþjóðaviðskipta og færni í að beita henni í raunverulegum aðstæðum. Þá er lögð rík áhersla á góða þekkingu á markaðsránsóknum, þjálfar nemendur í að kynna sér það nýjasta á þekkingarsviðinu á fljótvirknan hátt og nýta sér fyrirbyggjandi rannsóknir til stuðnings ákvarðanatöku. Í

náminu munu nemendur takast á við raunveruleg verkefni, með dæmisögum, gestafyrirlesurum og þátttöku í lokaverkefnum, m.a. viðamiklu verkefni þar sem nemendur vinna í nánú samstarfi við fyrirtæki sem eru að fást við ákvarðanatöku og stefnumótun. Í ljósi gríðarlega mikilla og hraðra breytinga í umhverfi fyrirtækja og vaxandi samkeppni er boðið upp á valnámskeið í vöruþróun, nýsköpun og markaðssetningu á netinu. Auk þess geta nemendur valið um fjölbreytt úrval námskeiða sem falla að óskum þeirra.

Fræðilegur grundvöllur

- Markaðsáherslur og markaðshneigð (6 ECTS)
- Alþjóðaviðskipti og alþjóðasamskipti (6 ECTS)

Aðferðafræði

- Þættir í eigindlegri aðferðafræði (6 ECTS)
- Rannsóknir í markaðsfræði (6 ECTS)

Framkvæmd

- Vörumerkjastjórnun (6 ECTS)
- Samhæfð markaðssamskipti (6 ECTS)
- Alþjóðamarkaðssetning (6 ECTS)
- Stefnumiðuð markaðsfærsla (6 ECTS)

Fyrir hverja er námið?

Inntökuskilyrði eru BS eða BA gráða, almennt þurfa nemendur að hafa lokið prófi með fyrstu einkunn (7,25).

Námið er opið nemendum með ólíkan bakgrunn, en þeir nemendur sem eru ekki með bakgrunn í viðskiptafræði þurfa að taka undirbúningsnámskeið, Inngangur að rekstri, til að uppfylla inntökuskilyrði. Það námskeið er ekki metið til eininga.

Valnámskeið

Markaðssetning á netinu, stjórnun nýsköpunar, nýsköpunar- og frumkvöðlafræði, þekkingastjórnun, mannauðsstjórnun, skipulag og atferli, starf stjórnandans, forysta og samskipti, samkeppnishæfni, forysta og leiðtoginn, viðskiptasiðfræði, samvinna og árangur, stefnumiðuð samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja, sáttamiðlun, stefnumiðuð stjórnun, þróun mannauðs, vinnusálfræði, breytingastjórnun, þættir í tölfærði, fjármögnun fyrirtækja, vinnuréttur



Námsáætlun

Misseri 1 - Haust	Misseri 2 - Vor	Misseri 3 - Haust
Þættir í eigindlegri aðferðafræði	Rannsóknir í markaðsfræði	MS ritgerð*
Markaðsáherslur og markaðshneigð	Samhæfð markaðssamskipti	
Alþjóðaviðskipti og alþjóðasamskipti	Alþjóðamarkaðssetning	
Vörumerkjastjórnun	Stefnumiðuð markaðsfærsla	
Námskeið að eigin vali	Námskeið að eigin vali	

* Nemendur geta byrjað að vinna MS ritgerð fyrr á námsferlinum og unnið hana samhliða öðrum námskeiðum